

**FK**

**Ársskýrsla Félags kvikmyndagerðamanna**



**Starfsskýrsla 2010-2011**

**Lagt fram á aðalfundi 26. febrúar 2011**

## **Aðalfundur, kjör stjórnar og stjórnarfundir**

Aðalfundur Félags kvikmyndagerðarmanna var haldinn 8. febrúar 2010 í Iðnó. Mjög góð mæting var á aðalfundinn eða u.þ.b. 60 manns. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem lýst er í félagslögum. Hjálmtýr Heiðdal flutti skýrslu stjórnar og Guðbergur Davíðsson fór yfir ársreikninga félagsins. Að því loknu var kosið til stjórnar. Í stjórn tóku sæti:

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður  
Anton Máni Svansson, varaformaður  
Anna Þóra Steinþórsdóttir, ritari  
Guðbergur Davíðsson, gjaldkeri  
Arnar Marrow Einarsson, meðstjórnandi  
Júlía Embla Katrínardóttir, meðstjórnandi  
Sigurbjörn Búi Baldvinsson, meðstjórnandi  
Guðmundur Erlingsson, varamaður  
Stefanía Thors, varamaður

Stjórnin fundaði 13 sinnum á starfsárinu. Til að byrja með voru fundnir haldnir í fundarherbergi Listasafns Íslands við Fríkirkjuveg en þegar að Kvikmyndamiðstöð flutti að Hverfisgötu 54 í sumarbyrjun voru stjórnarfundir færðir í fundarherbergi miðstöðvarinnar. Fundargerðir eru aðgengilegar á netinu og eru einnig útprentaðar í sérstakri möppu fyrir þetta starfsár.

## **Tilgangur félagsins og félagatal**

Í lögum félagsins segir: Félag kvikmyndagerðarmanna eru heildarsamtök kvikmyndagerðarmanna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og höfundarrétt. Félag kvikmyndagerðarmanna er skipulagt á grundvelli hinna ýmsu starfsgreina innan kvikmyndagerðar þ.e er framleiðslu, klippingu, kvikmyndastjórnar kvikmyndatöku, handrita, hljóðvinnslu, hreyfimynda og leikmynda. Þó félagið sé fagfélag en ekki stéttarfélag vinnur það að hagsmunamálum félagsmanna eins og gerð samninga, en stór hluti kvikmyndagerðarmanna á Íslandi er sjálfstætt starfandi.

Á síðasta ári varð vakning um kjaramál þeirra sem í kvikmyndaiðnaðinum starfa. Víða er pottur brotinn hvað varðar öryggi, aðstöðu, lífeyris og launamál t.d. hvað varðar greiðslur fyrir yfirvinnu. Þetta varð til þess að fólk sem starfar í geiranum margir sem starfa sem verktakar hófu að taka virkari þátt í félaginu og er vel. Inn í stjórn komu áhugasamir aðilar sem vilja skoða möguleika á að gera FK að stéttarfélagi. Í ljósi þessa áhuga var sérstakur starfshópur settur á laggirnar til að vinna að tillögum um leiðir og lausnir á þessu máli. Um þetta verður frekað fjallað síðar í skýrslunni.

Skráðir í félagið á síðasta ári voru 303 þó greiddu aðeins um 160 manns félagsgjöldin í félaginu og varð nokkur aukning á greiðandi félögum á milli ára. Póstlisti okkar spannar um 600-700 netföng og er ljóst að margir aðilar starfa í geiranum án þess að telja það nauðsynlegt að tilheyra félaginu. Núverandi stjórn hefur á því nokkurn áhuga að kynna félagið út á við og gera félagið sterkara. Sennilegt er að ef að FK kemur á laggirnar stéttarfélagsdeild innan félagsins að þetta yrði til þess að auka áhuga starfandi fólks í greininni á að tilheyra FK.

Góður áfangi náðist á síðasta ári er varaformaður félagsins, Anton Máni Svansson komst að samkomulagi fyrir hönd FK við Kvikmyndaskóla Íslands um að allir þeir sem útskrifast úr skólanum fái félagsaðild. Kvikmyndaskóli Íslands greiðir félaginu fullt félagsgjald fyrir þá nemendur sem útskrifast og má teljast að þetta sé frábært skref fyrir FK í að fá nýja féлага inn á hverju ári.

## Aðsetur félagsins útgáfa og starfsemi

Félag kvikmyndagerðarmanna hefur ekki verið með neitt fast aðsetur nema í pósthólfi á síðustu árum. Laufey Guðjónsdóttir forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar hefur gefið vilyrði fyrir því að við getum fengið aðgang að húsnæði miðstöðvarinnar að Hverfisgötu 54 og hefur félagið haldið alla sína stjórnarfundir þar síðan að KMÍ flutti sig um set.

Enginn stjórnarmanna félags kvikmyndagerðarmanna er á launum fyrir störf sín þó er Antoni Mána Svanssýni varaformanni greidd þóknun (9 mánuði á ári) fyrir að halda utan um vefsíðu og útgáfu fréttabréfs félagsins. Vefurinn var uppfærður fyrir ekki svo löngu síðan á [www.filmakers.is](http://www.filmakers.is) og síðla hausts komum við útsendingu fréttabréfs í rafrænu formi í fastar skorður. Sjá hér sýnishorn af fréttabréfi:

**Félag kvikmyndagerðarmanna**  
The Icelandic Filmmakers Association

**EDDUVERDLAUNIN 19.FEB**  
**ADALFUNDUR FK 26.FEB**  
**NORDISK PANORAMA**  
**NORTHERN WAVE 4-6 MARS**  
**BLÁA SKYRSLAN**

**EDDUVERDLAUNIN 2011**  
Verðlaunin verða afhent 19. febrúar 2011 í íslensku Operunni. Tilnefningar voru tilkynntar í Bio Paradís þann 3. febrúar. Það má finna þær á heimasíðu hátíðarinnar [www.eddu.is](http://www.eddu.is). Vegna takmarkaðs sætisþóla kemur bara í ljós á föstudaginn hvort það verði einhverji boðenskur í boði og munu þeir þá vera aðgengilegir á laugardaginn í miðstöðu Íslensku Operunnar eftir kl. 14:00.  
**FYLGIÐST MED.**  
Eddan verður svo í beinni útsendingu á Stöð 2.

**ADALFUNDUR FK**  
Aðalfundur Félags Kvikmyndagerðarmanna verður haldinn laugardaginn 26. febrúar 2011 eftir hæð lónu við Tjörnina kl. 18:00.

Dagskrá:  
Aðalfundarstof skv. lögum félagsins.  
1. skýrsla stjórnar  
2. endurskoðaðir reikningar félagsins  
3. lagatreytingar ef einhverjar eru  
4. kosning stjórnar  
5. kosning endurskoðanda  
6. önnur mál

**SKILAFRESTUR Í NORDISK PANORAMA**  
Myndir Kláraþar 2011: skila í síðasta lagi 15.Mai

Nordisk Panorama mun fara fram dagana 23. – 28. september 2011 í Ártúsum Danmörku. Stúti- og heimildamyndir framveiddar 2010-2011 teljast gjaldfengar seu þær:

- Sjálfstæð framleiðsla
- Notar framleiðsla eða leikstjafi af norrænum leikstjóra
- Textaþar á ensku eða til í enski útgáfu

Umsöknum skal skila inn rafrænt og hægt er að fylla þær út [hér](http://hr). Frekari upplýsingar og reglugerðir má finna [hér](http://hr).

Heimasíða Nordisk Panorama.

**NORTHERN WAVE HÁTÍÐIN Í GRUNDFARFIRDI**  
Verður haldin 4-6.mars. 2011  
Í ár verða veitt sérök verðlaun fyrir bestu íslensku stuttmyndina (80.000 krónur) og besta íslenska stúdentamyndbandið (40.000). Auk þess eru veitt 80.000 króna verðlaun fyrir bestu alþjóðlegu stuttmyndina. Kristín Jóhannesdóttir og Ami Áspæsson stýja í dómnefnd en dómnefndin er einn ekklu fullskipt og er m.a. ummið að því að fá einn erlendan fagaþila til að koma og vera með fyrirlestur á hátíðinni.  
Í kringum hundráð og atvölu myndir voru sendar inn frá 30 löndum. 57 myndir frá 18 löndum voru valdar!

**BLÁA SKYRSLAN**

Ari Kristinsson formaður SÍK og Hrafnhildur Gunnarsdóttir formaður FK, voru fulltrúar kvikmyndagerðarinnar í vinnuhóp skýrslunnar sem var birt seint á síðasta ári síðan á vef Mennta- og Menningarmálaráðuneytisins. Þar er gerð útskipt á stöðu Íslenskrar Kvikmyndagerðar og hún birtin saman við nágrannalöndin. Takið er á stöðunni, samningnum RÚV og fleiru í þessari skýrslu sem hefur verið í vinnslu í tölvuverðni tíma.

Hægt er að hláða skýrslunni niður með því að [ensta.is](http://ensta.is).

**Félag kvikmyndagerðarmanna**  
The Icelandic Filmmakers Association

**ROBLAUST OG BEINLAUST**  
**SHORTS AND DOCS FESTIVAL**  
**FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ**  
**EDDAN 2011 - 19.FEB**  
**NORTHERN WAVE FESTIVAL**

**ADALFUNDUR BÍL**  
Aðalfundur Bandalags íslenskra listamanna verður haldinn laugardaginn 22. janúar 2011 í lónu við Tjörnina kl. 13:00 - 15:00. Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstof og að þeim loknum verður málþing um menningarsafna frá 15:00 - 17:00. Menntamálaráðuneyrið mun taka þátt í málþinginu. Ekkó verður uppá letlar veitingar að því loknu.

Mínt er á að auki stjórnarmanns getur hvert aðildarfélag tilnefnt fjóra fulltrúa til setu á fundinum með atkvæðisrett, þannig að hvert aðildarfélag hefur fimm atkvæði. Sambandaleið getur að auki sinnt einni fulltrúa fyrir hvert sjálfstætt starfandi félag innan sambandsins.

Allir félagsmenn í aðildarfélagnum eiga rétt til setu á fundinum með málfrétti og tilögurett.

Greinargerðir munu liggja frammi á aðalfundinum og verða birtar á heimasíðu BÍL að honum loknum.

**SHORTS&DOCS 2011 Í BIO PARADÍS!**  
Hátíðin verður haldin 27-31.janúar. - 40 myndir frá Íslandi og Norðurlöndum - Opnar með Roblaust og Beinlaust eftir Ingvar Á. Þorisson

Heimildir- og stuttmyndahátíðin **Frækjaveik** Shorts and Docs verður haldin í tunda sinn 27. til 31. janúar 2011. Hátíðin verður haldin í Bio Paradís, heimili kvikmyndanna, og færir landsmönnum 40 stuttmyndir, heimildamyndir og teiknimyndir; allt það nýjasta og ferskasta frá Íslandi og Norðurlöndum.

Hátíðin verður sett fimmtudagskvöldið 27. janúar með íslensku heimildamyndinni **Roblaust og Beinlaust** eftir Ingvar Á. Þorisson. Þá verður fjöldi áhugasverra mynda trumsýndur á hátíðinni, íslenskar og erlendir, þar á meðal íslenska myndin **Yes Yes** eftir Marlu Reyndal.

Áhrif áhugasverð atburðir eru t.d. frumsýning á myndinni **Blood in the mobile** eftir danska leikstjórnari **Frank Poulsen**, en hann mætur á hátíðina. Einnig er sennilegt að danski leikstjórnari **Michael Madsen** mæti á svæðið, en mynd hans **Into Eternity**, sem einnig verður sýnd á hátíðinni, hlaut nýverið verðlaun sem besta mynd Nordisk Panorama hátíðarinnar.

Í ár hafa aðstandendur Reykjavíkur Shorts and Docs tekið upp á þeirri nýbreytni að helga hluta hátíðarinnar teikni- og hreyfimyndum. Sýndir verða íslenskar hreyfimyndir, sem eru að sækja í sig vebóð, og dansk-enska verðlaunamyndin **Miss Remarkable & Her Career**.

Heimili kvikmyndanna verður heimili þess nýjasta og ferskasta í stutt- og miðstölu má naðst á vefsíðunni [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is), og Facebook síðu hátíðarinnar

### Mynd 1 sýnishorn af rafrænu fréttabréfi

Fréttabréfinu er dreift á 678 netföng og er það eitt af forgangsverkefnum stjórnar að auka útbreyðslu þess á komandi starfsári.

Mikið af starfsemi félagsins á síðasta ári var ýmis konar nefndar- og þróunarvinna vegna niðurskurðarins í samstarfi við önnur hagsmunafélög, og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Flestar stofnanir sem tengjast kvikmyndagerð voru í miklu uppnámi á síðasta ári vegna niðurskurðar og má þar nefna niðurskurð á sjóðum Kvikmyndamiðstöðvar, niðurskurð á fjárframlögum til RÚV og til annarra stofnanna sem tengjast kvikmyndagerð. Stjórnvöld tóku þá ákvörðun í kjölfar efnahagshrunsins að virða **Samkomulag um kvikmyndagerð** frá 2007 að vettugi og miðað við þær vanefndir þá hlaut kvikmyndaiðnaðurinn og kvikmyndamenningin í landinu sársaukafullan 34% niðurskurð á árinu. Núverandi ríkisstjórn tók þann pól í hæðina að slá skjaldborg um flest allar stofnanir styrktar af ríkinu eins og t.d. Þjóðleikhúsið sem fékk aðeins rúmlega 1%niðurskurð. Hins vegar var fjármagn skorðið niður til RÚV um fjórðung (tæpan/rúman?) en ráðamönnum og yfirstjórn RÚV ber ekki saman um hversu mikill

sá niðurskurður er. Ljóst er að RÚV fékk mun minna af því fjármagni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir en það er líka ljóst að forráðamenn stofnunarinnar létu þann niðurskurð að mestu bitna á leiknu íslensku efni, þáttum og heimildamyndum sem voru framleiddar af sjálfstæðum íslenskum framleiðendum. Þjónustusamningurinn var því þverbrotinn og hvorki gekk né rak að fá fjármálaráðuneytið nýj menningar- og menntamálaráðuneytið til þess að krefjast þess að samningurinn væri virtur. Því miður virðist ekki vera hægt að telja alla þessa nefndarvinnu í bili til fjárs en útgáfa á tveimur skýrslum um kvikmyndagerð og einni um hagræn áhrif hinna skapandi greina hefur lagt vopn í hendur þeirra sem við stjórnmölin sitja og vinna við fjárlagagerð á komandi misserum.

## Rauða skýrslan

Strax í byrjun árs var hafist handa í samstarfi við SÍK og SKL um útgáfu á skýrslu til varnar íslenskum kvikmyndaiðnaði. Í byrjun mars leit svo dagsins ljós svokölluð **rauða skýrsla** og bar hún titilinn **Hverjir fjármagna íslensk kvikmynduð verk?** Í skýrslunni er rakið hvernig skilyrði íslenskar kvikmyndir búa við í fjárflynaferlinu en stjórnmalamenn og ríkisstjórnin virðast ekki gera sér grein fyrir þeim margfeldisáhrifum sem það fjármagn hefur á greinina sem kemur inn í gegnu sjóði og styrki. Einnig rekur skýrslan hvaða áhrif stórfelldur niðurskurður á kvikmyndasjóði í fjárlögum fyrir árið 2010 myndi hafa á kvikmyndaiðnaðinn í landinu. Í skýrslunni segir m.a.: „Við það að skera framlag kvikmyndasjóða niður um 24 milljónir króna eins og gert er í fjárlögum 2010, num greinin verða af 5 milljarða tekjum á árunum 2010-2014. Með afleiddum störfum munu því tapast í kringum 300 störf. Til samanburðar má benda á að atvinnuleysisbætur 300 manna í eitt ár nema tæpum 540 milljónum króna.“

**Hverjir fjármagna íslensk kvikmynduð verk?**

Niðurstöður könnunar á fjármögnun 112 íslenskra kvikmyndaðra verka 2006–2009

Mars 2010

SÍK SKL

## Samantekt

Í ljósmælu sem vakti að í aðdragandi og kjölfar stórfellds niðurskurðar kvikmyndasjóða í fjárlögum fyrir árið 2010, kom í ljós þótt fyrir frekar spællýsingar um fjármögnun íslenskra kvikmyndaðra verka og hversu stór hluti fjármagnsins kemur frá opinberum aðilum.

Félag kvikmyndagerðarmanna sendu út fyrirspurnir til framleiðenda 140 verka og fengu 112 svör (80% svariðfall).

Magnniðurstöður þessarar könnunar eru þær að samtals nam framleiðslukostnaður verkanna ritt tæpum 1,2 milljónum króna. Fjármögnun var þannig hatt að um 17% framleiðslukostnaðar kom af kvikmyndasjóðum, 9% fjármagns var í formi endurgreiðsla af framleiðslukostnaði frá löngreiddum verkum, 34% var endurtekið fjármagn og 44% framleiðslukostnaður var erlent fjármagn.

Samhliða framleiðslufjármögnun var lausafurðin kannað í ljósmæluum af þessum könnunum rekur til. Niðurstöðin er að 72,75% af framleiðslukostnaði verkanna voru lausagreiðslur, hvert heildur til verkta eða fasteðlanna starfsmanna. Þessi tveir köri tryggðu ríkissjóði greiðslu í formi skattalæna á um 2,2 milljónum króna, aðeins nóg til þess að tryggja senn opinbera aðilar fjármögnun verkanna. Þannig greiðir greinin til baka að fullu framlag opinberra aðila á framleiðslu verkanna.

Við það að skera framlag kvikmyndasjóða niður um 240 milljónir króna eins og gert er í fjárlögum 2010, mun greinin verða af 5 milljarða tekjum á árunum 2010-2014. Með afleiddum störfum munu því tapast í kringum 300 störf. Til samanburðar má benda á að atvinnuleysisbætur 300 manna í eitt ár nema tæpum 540 milljónum króna!


Framlag íslenskra kvikmyndasjóða er ökkýð fyrir umsóknunum í erlent kvikmyndaðuð, sem m.a. leggja fram það fjármagn sem eftir stendur til að tryggja framleiðslu verkanna. **Viðhafi frá íslenskum kvikmyndasjóðum eru þannig aðgengilegir að öllum fjármögum,** þannig aðgöngulega greiða kvikmyndaðarleiðendur að fullu til baka við framleiðslu verkanna.

Íslensk kvikmyndaðar hafa gífurlega glæði fyrir þjóðina. Það er nauðbriggt menningarlegar að framteitt sé efni á íslensku fyrir landsmenn. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn fara þjóðina sítt efni.

© Samantekt og myndir eru höfundarrettir 2010. Öll réttindi eru varðveitt. Öll myndir eru höfundarrettir.

Stærð: kvikmyndasjóðir

Við 240 milljónir króna niðurskurð mun greinin verða af 5 milljarða króna tekjum á árunum 2010-2014



## Mynd 2. Rauða skýrslan

Skýrslan var veglega kynnt síðasliðið vor og var m.a. send á alla alþingismenn til að reyna auka skilning á hagrænum aðstæðum íslenskrar kvikmyndagerðar hjá stefnumótunaraðilum. Hún hefur einnig verið notuð á öllum fundum með fulltrúum og ráðherrum á síðasta ári til stuðnings máli okkar og baráttu gegn þessum gríðarlega niðurskurði.

## Bláa skýrslan



Í janúar skipaði mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir í samráði við aðila úr kvikmyndageiranum starfshóp sem skoða skyldi með formlegum hætti stöðu kvikmyndagerðar í landinu. Óskaði ráðherra sérstaklega eftir því að starfshópurinn skoðaði skilyrði íslenskrar

kvikmyndagerðar í menningarlegu tilliti með hliðsjón af því hvernig málum væri háttað á öðrum Norðurlöndum. Í framhaldi var starfshópurinn skipaður og hóf störf snemma í mars. Starfshópurinn skipaðu: Ari Kristinsson fyrir SÍK, SKL og FK, Haukur Alfreðsson fyrir lónaðarráðuneytið, Hrafnhildur Gunnarsdóttir fyrir FK, FSK, SKL og SÍK, Kristín Atladóttir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem einnig var formaður og Sigurrós Hilmarsdóttir fyrir Kvikmyndamiðstöð Íslands. Að auki sátu í nefndinni Silja Hauksdóttir sem áheymarfulltrúi WIFT á Íslandi og Inga Ósk Jónsdóttir sem tók við af Hauki í nefndinni fyrir lónaðarráðuneytið.

Ráðuneytið óskaði eftir að nefndin skilaði niðurstöðum 15. apríl sem síðan var framlengt til 4 maí og þá var fyrstu gerð skilað. Vegna ýmissa álitamála var hins vegar ekki lokagerð skilað fyrr en 7. nóvember 2010 og var þá dreift á alla stjórnmalamenn og þá þingmenn sem sátu í fjárlaganefnd.

Skýrslan tekur á flestum þeim málum sem snúa að íslenskri kvikmyndagerð og var í 7 köflum:

1. Staða íslenskrar kvikmyndagerðar 2010,
2. Stofna- og stoðkerfi,
3. Hagræn skilyrði,
4. Menningarlegt hlutverk,
5. Greining á starfsskilyrðum:
  - 5.1 Þróun,
  - 5.2 Fjármögnun,
    - 5.2.1 Kvikmyndir,
    - 5.2.2 Heimildamyndir,
    - 5.2.3 Sjónvarpsefni,
  - 5.3 Framleiðsla kvikmyndaverka á Norðurlöndum,
    - 5.3.1 Samkomulag um kvikmyndagerð,
    - 5.3.2 fjármögnun kvikmyndaverka á Norðurlöndum,
  - 5.4 Sala / dreifing erlendis,
  - 5.5 Virðisaukaskattur af aðgöngumiðasölu,
  - 5.6 Íslensk kvikmyndagerð og Ríkisútvarpið ohf.,
  - 5.7 Kjaramál, starfskilyrði og þekkingamál,
  - 5.8 Börn og kvikmyndalæsi,
  - 5.9 Konur og kynbundin fjölbreytni,
  - 5.10 Þekking, safnamál, varðveisla og tækjakostur,
6. Tillögur,
7. Lokaorð

Það kom formanni FK á óvart að ráðuneytið gerði ekki ráð fyrir því að greiða nefndarmönnum sérstaklega fyrir framlag sitt og tíma og gerði athugasemd við það þar sem að t.d. þeir sem ekki væru á launum hjá ríkinu væru þá launalaust við þessa vinnu. Boð komu úr ráðuneytinu eftir athugasemd formanns um að ákveðið hefði verið að greiða Ara, Silju og Hrafnhildi sérstaklega fyrir setu sína í starfshópnum en þær greiðslur hafa ekki borist enn og auðveldlega má ætla að um 80-100 vinnustundir hafi farið í þessa skýrslugerð.

Óhætt má segja að skýrslan sé gott innlegg í þá samræðu sem nú á sér stað um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar í landinu. Fulltrúar hagsmunasamtaka kvikmyndagerðar: SÍK, SKL, FSK (sem rann inn í SÍK) og FK sem sátu í nefndinni líta svo á að með skýrslunni hafi verið lögð vopn í hendur á ráðherra við að leiðrétta og lagfæra þau fjöldamörgu mál sem hægt er að vinna að með þeim ráðleggingum sem þar er að finna. Ráðherra og ráðuneytið hefur a.m.k. ákveðið að virkja Kvikmyndaráð og hefur nú hafið störf við að aðstoða ráðuneytið í nýju *Samkomulagi um kvikmyndagerð* fyrir 2012-2015.

## Fjármál

Eins og áður sagði greiddu 160 manns árgjöld á árinu og skráðir félagar voru 303. Til samanburðar má nefna að árið 2009 voru skráðir félagar 196 og greiddir félagsmenn ca 120. Það er því ljóst að þar hefur orðið mikil aukning á innkomu vegna félagsgjalda. Tekjur af árgjaldi hafa að sama skapi aukist. Hins vegar fara tekjur af IHM sjóði þverrandi. Fyrir utan að hafa slæm áhrif á IHM sjóðinn



sjálfan er deginum ljósara að mikilvægt er að vinna með öðrum hlutaðeigandi aðilum að því að koma nýjum tekjustofni t.d. af gjaldi af sjónvarpsflökkurum eða með gjöldum af niðurhali til að viðhalda sjóðnum. Það er mat formanns að félag kvikmyndagerðarmanna verður að fara að huga að öðrum fjárflounarleiðum til að geta í raun elft félagið.

## Bíó Paradís

Eitt af stærstu málunum sem kom upp á síðasta ári var stofnun Bíó Paradísar síðastliðið sumar. Síðastliðið vor bærust fréttir af fyrirhugaðri lokun Regnbogans að Hverfisgötu 54. En Sena hafði um nokkrum tíma verið í miklum rekstrarörðuleikum með bíóið. Honum var síðan lokað í maí. Fyrr um vorið



hafði Kvikmyndamiðstöð Íslands verið að leita sér að húsnæði fyrir starfsemi sína. Úr varð að KMI gerði samkomulag um að leigja efri hæðina að Hverfisgötu 54 og sáu þá kvikmyndagerðarmenn og kvikmyndaunnendur sér þann leik í stöðunni að reyna að koma á laggirnar menningarbíói í þessu sögufræga húsi. Fulltrúar FK, SÍK, SKL, félagi Mynd 3 kvikmyndaunnenda ásamt Ásgrími

### Lógó og boðsmíði á opnun Bíó Paradísar


Sverrissyni tóku sig til og ákváðu að freista þess að finna fjármagn frá Reykjavíkurborg til að bjarga því menningarslysi að ekkert kvikmyndahús yrði eftir í miðborg Reykavíkur. Það tókst og með sameignilegu átaki var Heimili kvikmyndanna stofnað í lok sumars. FK lagði 300.000 í hlutfé inn í sjálfseignarstofnunina og 200.000 í víkjandi lán. Lovísa Óladóttir var ráðin framkvæmdarstjóri og bíóið opnaði eftir samstillt átak í að koma húsinu í stand í byrjun desember. Óhætt er að segja að ótrúlega vel hafi tekist til og er þarna nú ört vaxandi menningarbíó sem vel er sótt.

## UM BÍÓ PARADÍS

Bíó Paradís sýnir nýjar áhugaverðar kvikmyndir frá öllum heimshornum auk hverskyns eldri mynda erlendra sem innlendra, hýsir kvikmyndahátíðir og stendur fyrir fjölbreyttum kvikmyndatengdum viðburðum. Þá er unnið að því að koma á reglulegum skólasýningum í húsinu þar sem markmiðið er að efla þekkingu og menntun á þessari mikilvægu listgrein.

Í Bíó Paradís er einnig að finna veitingahús og verslun með mynddiska og annan kvikmyndatengdan varning.

Bíó Paradís er því nokkurskonar hjarta kvikmyndamenningar í landinu; áfangastaður allra þeirra sem vilja eiga góðar stundir í afslöppuðu umhverfi sem angar af andrúmslofti kvikmyndanna.



M.4 Teikning af fremri forsal.



Mynd 5. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar: Ragnar Bragason (ritari), Ari Kristinsson (formaður) og Hrafnhildur Gunnarsdóttir (meðstjórnandi).

Hús af þessu tagi eru meðal lykilstofnana höfuðborga víðsvegar um heim, vinsælir áfangastaðir fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn. Þau má til dæmis finna á öllum Norðurlöndunum, í flestum Evrópulöndum og í helstu borgum Bandaríkjanna og Kanada.

### **Sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna**

Stofnaðilar sjálfseignarstofnunarinnar **Heimilis kvikmyndanna**, sem rekur *Bío Paradís*, eru fagfélög kvikmyndagerðarmanna (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra), Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Stjórn stofnunarinnar skipa Ari Kristinsson (formaður), Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Ragnar Bragason.



M.6 Lovisa Óladóttir, framkvæmdastjóri. M.7 Ásgrímur Sverrisson, dagskrár- og kynningarstjóri.

Lovísa Óladóttir er framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna. Lovísa er kvikmyndafræðingur að mennt og hefur einnig numið rekstrar- og viðskiptafræði. Hún starfaði um árabíl sem dagskrárstjóri Stöðvar 2, dagskrárstjóri Sýnar og dagskrárfulltrúi. Þá vann hún að markaðsmálum Þjóðleikhússins um skeið og byggði síðan upp fatahönnunar fyrirtækið ELM ehf. ásamt samstarfsfólki. Undanfarin ár hefur hún starfað sjálfstætt fyrir ýmsa aðila að verkefnastjórnun, markaðs- og kynningarmálum.

Ásgrímur Sverrisson er dagskrárstjóri, auk þess að sjá um kynningarmál. Ásgrímur hefur um langt skeið stundað kvikmynda- og dagskrárgerð ásamt því að fjalla um kvikmyndir með margvíslegum hætti í sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum, tímaritum og vefmiðlum.

Sérstakt dagskrárráð, sem skipað er fulltrúum eigenda og helstu samstarfsaðila, er vettvangur umræðu um dagskrá og aðra starfsemi hússins.

### **Samstarfsvettvangur um fjölbreyttar kvikmyndasýningar**

*Bío Paradís* er samstarfsvettvangur flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu. Má þar nefna dreifingaraðila kvikmynda; Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (auk ýmissa smærri hátíða); Kvikmyndamiðstöð Íslands (sem er með skrifstofur sínar á annarri hæð hússins); Kvikmyndasafn Íslands; Kvikmyndaskóla Íslands; kvikmyndafræðideild Háskóla Íslands, sérstakt átaksverkefni Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og menntasviðs Reykjavíkurborgar um kvikmyndaæsi fyrir börn og unglina og fagfélög íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Auk þess á bíóið samstarf við ýmskonar aðra aðila um sýningarhald og aðra kvikmynda tengda viðburði í húsinu.

### **Kjaramál**

Eftir aðalfund FK í febrúar 2010 hófst hópur að hittast reglulega og óreglulega til þess að huga að kjaramálum þeirra er starfa við kvikmyndagerð á Íslandi eða "fólksins á gólfinu". Það er augljóst að þetta verður langt ferli, en fyrstu skrefin hafa þó verið tekin og það verður ekki aftur snúið, enda löng leið að takmarkinu. Faghópar tóku saman kröfur og hugmyndir að starfsháttum og starfsumhverfi sem miðaðist út frá þeirra fagreynslu, enn eiga nokkrir faghópar þó eftir að skila inn sínum kröfum og hugmyndum.

Hópurinn, sem vinnur að kjaramálunum í heild og samanstendur af Arnari M. Einarssyni, Fahad Jabali, Júlíu Emblu Katrínardóttur, Búa Baldvinssyni og Stefaníu Thors. Þau hafa nú útbúið drög að samningi sem hefur nú verið yfirfarinn af lögfræðingi FK. Þessi hópur hefur átt fundi með Rafiðnaðarsambandi Íslands en svo virðist sem skynsamlegast væri að vera í samvinnu við þá þar sem að þeir eru nú þegar með innan sinna vébanda tæknifólk í sjónvarpi og leikhúsum. Hugmyndin er að kynna þennan samning hér á eftir undir Önnur mál. Hópurinn hefur átt fund með fulltrúum frá SÍK varðandi málefnið, þar voru félögin eingöngu að bera saman hugmyndir sínar varðandi kjaramál þeirra sem vinna að gerð kvikmynda, leikins efnis fyrir sjónvarp, sjónvarpsefnis, annarra mynda og

auglýsinga. Mikilvægt er að ná góðri samstöðu um þetta mál og því verður unnið í að kynna félögum alla kosti í stöðunni. □

### Samstarf við önnur félög.

FK á í ýmis konar formlegu og óformlegu samstarfi við önnur félög t.d. við SKL samtök kvikmyndaleikstjóra og SÍK samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Það samstarf hefur verið með miklum ágætum nú á tímum niðurskurðar og kreppu.

### IKSA

Formlegt samstarf þessara aðila fer að mestu fram innan IKSA - Íslensku kvikmyndaakademiunnar sem meðal annars heldur Eddu verðlaunin á ári hverju. FK hefur 2 fulltrúa þar í stjórn og nú sitja þar Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Anton Máni Svansson.



### BÍL

Formaður FK situr sjáfvirkt í stjórn BÍL - Bandalags íslenskra listamanna en þar er gríðarlega mikilvægur vettvangur fyrir flest allar listgreinar á landinu. Kolbrún Halldórsdóttir er starfandi formaður BÍL og hefur verið mjög öflug í að vinna að flestum þeim hagsumanmálum er varðar listir í landinu. Sérstaklega hefur BÍL verið öflug í að gagnrýna Ríkisútvarpið og kallaði m.a. stjórn RÚV á sinn fund á síðasta ári eins og frægt er orðið. Þar kom í ljós að því miður hefur þessi pólitísk kosna stjórn engar eða litlar faglegar forsendur til að veita stofnuninni nauðsynlegt aðhald. BÍL sendi áskorun á alla alþingismenn þegar að ný stjórn RÚV var kosin af Alþingi núna í byrjun árs með ákalli að hún yrði faglega kosin. Því miður brást enginn flokkur við áskoruninni nema Sjálfstæðisflokkurinn sem þó skipaði mann; Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóra Borgarleikhússins sem sinn fulltrúa inn í stjórn RÚV. Það má teljast jákvætt þar sem að hann hefur reynslu af menningu og listum og að lesa ársreikninga menningarstofnanna.



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA  
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Vert er að minnast á að fyrirhugað er að öll aðildarfélög BÍL vinni að því að 11.11.11 verði svo kallaður Listarlaus dagur til að minna almenning og stjórnvaldamenn að allir njóta lista. Áætlað er að fara fram á það að slökkt verði á og öll list hulin þennan dag eftir bestu getu og út gefin verði boðorð til að aðstoða almenning í að taka þátt í þessum listarlausu degi.

### Kvikmyndaráð

Fulltrúi FK er skipaður inn í kvikmyndaráð og venjulega til 3 ára í senn. Félag kvikmyndagerðarmanna á fulltrúa í Kvikmyndaráði sem er stjórnvöldum til ráðgjafar um kvikmyndamál og er umsagnaraðili um ráðningu forstöðumanns Kvikmyndastofnunar. Félag kvikmyndagerðarmanna var í forustu baráttunnar fyrir stofnun Kvikmyndasjóðs sem var undanfari Kvikmyndastofnunar. Hrafnhildur Gunnarsdóttir situr þar sem fulltrúi FK. Ráðið hefur lítið hist á undanförunum tveimur árum en nú hefur Katrín Jakobsdóttir falið því það verkefni að gera tillögur að samkomulagi um kvikmyndagerð 2012-2015. Ráðið hefur einnig fengið að hitta lögfræðinga og samningamenn mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem eru að vinna að því að endurskoða þjónustusamning þess við RÚV. Það er álit fulltrúa FK að kvikmyndaráð eigi að leggja gríðarlega áherslu á að þjónustusamningurinn verði þannig úr garði gerður að allan vafa verði tekinn af um útfærslur á honum. Það er okkar tillaga að allar þær upphæðir sem RÚV fær verði skilyrtar t.d. eins og það sem á að fara til nýsköpunar í



dagskrágerð verð eins túlkað af báðum aðilun og þær upphæðir verði t.d. ekki notaðar í talsetningu á barnaefni. Þessi mál eru í vinnslu og er von á tillögum frá Kvikmyndaráði um miðjan mars.


## Kvikmyndaskólinn

Fulltrúi FK situr í fagráði Kvikmyndaskóla Íslands og er Anton Máni Svansson fulltrúi FK.

## Media áætlun Evrópusamkomulagsins Europe

FK á fulltrúa í stjórn Media 2007 eða skrifstofu Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi. Sigríður M. Vígfúsdóttir var í fullu starfi við rekstur, samskipti við umsækjendur sem og samskipti við höfuðskrifstofuna í Brussel. MEDIA upplýsingaþjónustan er rekin af höfuðskrifstofu MEDIA í Brussel og af Kvikmyndamiðstöð Íslands. Fulltrúi FK er skipaður til 3 ára í senn af menningar- og menntamálaráðuneytinu en í stjórn sitja, Kristín Atladóttir fyrir SÍK, Kristín Pálsdóttir fyrir SKL, Hrafnhildur Gunnarsdóttir fyrir FK og Karítas Gunnarsdóttir fyrir Menntamálaráðuneytið. Þeirri skipun lýkur í ágúst á þessu ári og verða þá nýir fulltrúar skipaðir.

## Reykjavík Shorts and Docs



Liður í starfi FK er rekstur heimilda- og stuttmyndahátíðina Reykjavík Shorts & Docs. Að þessu sinni tóku nokkrir meðlimir í stjórn FK það í sínar hendur að koma hátíðinni á laggimar vegna fjárhagsörðuleika. Áætlað hafði verið að halda hátíðina í nóvember 2010 en í samráði við Reykjavíkurborg var ákveðið að færa okkur um set fram í janúar og hvíla eitt ár. Hátíðin var síðan haldin í tíunda sinn í Bíó Paradís - heimili kvikmyndanna frá 27. til 31. janúar 2011, og sýndi u.þ.b. 40 stuttmyndir, heimildamyndir og teiknimyndir; allt það nýjasta frá Íslandi og Norðurlöndum. Hátíðin opnaði með frumsýningu á íslensku heimildamyndinni **Roðlaust og Beinlaust** eftir **Ingvar Á. Þórisson**. Þar var mikill fjöldi af nýjum og nýlegum íslenskum heimilda- og stuttmyndum m.a. frumsýning á eftirtöldum íslensku myndum: Free Teknó, Yes yes, Tvöföld tilvera, Skáksaga, Enginn meðal Jón og fleiri. Á hátíðinni var sérstakur norrænn fókus og sýndum við brot af því besta frá Norðurlöndum. Danski leikstjórinn **Frank Poulsen** verður sérstakur gestur hátíðar en við frumsýnum heimildamynd hans **Blood in the mobile** eða **Blóðgemsar**. Óhætt er að segja að hátíðin hafi tekist með miklum ágætum þrátt fyrir knappan fjárhagsramma. Ætlunin er að ræða frekar málefni Reykjavík Shorts and Docs á næstunni og skoða hvernig er hægt að gera þessa ágætu hátíð af föstum lið í menningarlífi Reykjavíkurborgar.

Mynd 8: Bæklingur RSD

Þeir sem að lögðu hátíðinni lið í ár voru: Anna Þóra Steinþórsdóttir, Anton Máni Svansson, Guðbergur Davíðsson, Guðmundur Erlingsson, Guðrún Ragnarsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ingimar Eydal, Júlía Embla Katrínardóttir, Lovísa Ólafsdóttir, María Ágústsdóttir, Stefanía Thors og Svala Georgsdóttir.

## Höfundasjóður FK

Úthlutað var úr höfundasjóði félagsins að venju. Höfundasjóður FK fær s.k. IHM réttindagreiðslur fyrir félagsmenn sem eiga hlut í verkefnum sem hafa verið sýnd opinberlega.

## Menningarsjóður FK

Úthlutað var úr menningarsjóði félagsins eftir því sem umsóknir bárust. Átta umsóknir fengu styrk til verkefna af ýmsum toga.

## Útgáfa félagsskírteina

Útgáfa félagsskírteina komst í fast horf á síðasta ári. Hægt er að sækja um félagssaðild á vefsíðunni sem er þægilegt fyrir alla aðila. Að vísu er dýrt að prenta skírteinin og leitar nú stjórn nýrra leiða í að gefa út ódýrari en endingagóð skírteini. Einnig var mjög óhagstætt að prenta þau jafnóðum sem varð þess valdandi að stjórnin ákvað að prenta þau einungis tvisvar á ári eða í mars og júlí og gefa þess á milli út bráðabirgðaskírteini til þeirra sem þess óska. Með útgáfu félagsskírteina var hægt að afla ýmissa fríðinda fyrir félagsmenn, afslætti ýmskonar á kvikmyndahátíðir, kvikmyndahús og fleira. Sérstök fríðindanefnd er starfandi og kynnir hún á heimasíðunni ýmis tilboð sem félagsmenn geta nýtt sér með framvísun félagsskírteina, t.d. hefur gjaldkeri félagsins nú tryggt okkur 2 fyrir 1 tilboð í Sambíóin.



Mynd 9: Félagsskírteinin.

## Lokaorð

Það er ljóst að mikið hefur gengið á í málefnum kvikmyndagerðar á síðasta ári. Það er von okkar að við náum að ljúka nokkrum mikilvægum málum á komandi ári sérstaklega hvað varðar að stofna kjaradeild innan félagsins. Merki eru um það að botni sé nú náð í niðurskurði á fjármagni til kvikmyndagerðar og eigum við von á því að úr fari að rætast strax á næsta ári. Vonir eru einnig til um það að við höfum aðgang að því að tryggja að nýr þjónustusamningur við RÚV komi einnig til með að vera okkar geira til hagsbóta. Þar að auki kvað vera í smíðum nýtt frumvarp um RÚV í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem að ýmislegt í lögum um ríkisútvarpið samræmist ekki EES samningnum. Ráðherra hefur gefið til kynna að það frumvarp verði lagt fram fljótlega eftir að búið verði að samþykkja nýju fjölmiðlalögin, sennilega þó ekki fyrr en á haustdögum.



f.h. stjórnar Félags kvikmyndagerðarmanna

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður